

Útdráttur

Áhugavert er að skoða hvort skrif Fréttablaðsins og Morgunblaðsins voru flokkspólítísk eða hvort önnur sjónarmið stjórnuðu ályktunum þeirra á árabílinu 2003 - 2005. Til þess að komast að niðurstöðu eru Fréttablaðið og Morgunblaðið borin saman við íslensk dagblöð hluta þess tíma þegar þau voru í eigu stjórn­má­laflokka eða nátengd þeim. Skoðuð eru fréttaskrif, leiðaraskrif, greinaskrif og myndnotkun blaðanna.

Í skrifum, Þjóðviljanns, Tímans, Alþýðublaðsins og Morgunblaðsins var talað fyrir stefnum stjórnmá­laflokka opinberlega og aðrir flokkar gagnrýndir. Eftir 1996 var aðeins eitt þeirra, Morgunblaðið, enn við líði. Eftir aldamótin 2000 kom fram nýtt dagblað, Fréttablaðið, svo kallað fríblað, sem skömmu síðar varð hluti af nýrri fjölmiðlasamsteypu. Innan tíðar hófust deilur um hver eignarhlutur í fjölmiðlafyrirtækjum mætti vera. Fram kom krafa um fjölmiðlalög sú krafa hafði pólitískar afleiðingar sem birtust í skrifum blaðanna. Bæði blöðin héldu fram málstað annaðhvort með eða á móti fjölmiðlalögum og fylgdu pólitískum lín­um. Fréttablaðið var sakað um að ganga erinda eiganda sinna og styðja stjórnarandstöðuna á meðan skrif Morgunblaðsins voru sögð fylgja ríkisstjórn landsins að málum. Eftir að forseti Íslands neitaði að samþykkja fjölmiðlalögin studdi Fréttablaðið þá ákvörðun en Morgunblaðið gagnrýndi hana. Sumarið 2004 var gengið til forsetakosninga í þeim mælti Morgunblaðið gegn forsetanum á meðan Fréttablaðið studdi hann. Haustið 2005 birti Fréttablaðið fréttir um meinta aðkomu ritstjóra Morgunblaðsins, og fleiri, að ákæru á hendur einu af stærstu fyrirtækjum landsins og jafnframt einum af aðaleigendum þeirra fjölmiðlasamsteypu sem Fréttablaðið er hluti af. Stjórn­má­laflokkar tóku þátt í deilunum og saman blandaðist pólitík, fjölmiðlalög, forsetakosningar og meint óheiðarleg notkun á fjölmiðlum.

Í ljós kemur að í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu má greina pólitíska afstöðu með ákveðnum stjórnmá­laflokkum. Margt er líkt með áherslum þeirra og á tímum flokksblaðanna. Ekki er þó hægt að segja ákveðið að þau eða annaðhvort þeirra miði skrif sín við eigendur sína.

Abstract

It is worthy of consideration whether the writing of Morgunbladid and Frettabladid was connected to political parties or if other issues were at stake from 2003 – 2005. To answer this those two newspapers will be compared with Icelandic newspapers in the period of the country's history when the four main newspapers were considered political newspapers. This will be done by looking at leaders, articles, and the use of pictures. Three Icelandic newspapers in the 20th century Thjodviljinn, Althydubladid and Timinn were owned by political parties. The fourth one Morgunbladid was privately owned but was clearly connected with a political party. After 1996 only Morgunbladid was left on the market. Shortly after 2000 a new daily newspaper Frettabladid began its free distribution. A short time later it merged with a big media organisation, which started discussions about the ownership of media companies and a new media law was put before Parliament. Frettabladid wrote against the new law, Morgunbladid supported it. When the president of Iceland did not ratify the new law, Morgunbladid criticized his decision but Frettabladid supported him. In the 2004 presidential elections, Frettabladid favoured the president's view but Morgunbladid opposed it. In the autumn of 2005 Frettabladid printed a couple of news stories which hinted at the involvement of the editor in chief of Morgunbladid, in starting a lawsuit against one of the prime owners of a media group that Frettabladid belonged to. This started a heated debate between the newspapers where Frettabladid was accused of writing on behalf of their owners. Political parties took part in this debate and such issues as politics, media law, presidential elections, and dishonest use of media was widely mentioned. In Morgunbladid and Frettabladid some things are similar to the old political newspapers. It is not possible to determine if both or either of them base their writing on the policy of their owners.